

## S A M Þ Y K K T

### um sorphreinsun í Ísafjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Ísafjarðarkaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupstaðarins.

#### 2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstakar grindur, eða sérstaka kassa, sem smíðaðir eru fyrir pokana. Grindinni skal komið þannig fyrir, að sorppoki hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða kassabotni. Lok skal vera yfir grindinni.

#### 3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda/sorp-kassa. Hafa skal greiðfæran stig að sorpgrind/sorpkassa ca. 90 cm breiðan.

#### 4. gr.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur/grind fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi skápa/grinda við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

#### 5. gr.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins eða öðrum stað eftir nánari ákvörðun.

#### 6. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum og ekki eftir kl. 23.

#### 7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

#### 8. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð og heita ösku í sorppoka.

#### 9. gr.

Mold, mól, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði, skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar. Sama gildir um bílhræ og brotajárn. Þang- að er þó bannað að flytja pappír, plast eða annað eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina eða flytja burt úrgang frá slíku svæði.

#### 10. gr.

Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum og blautu sorpi, áður en slíkt er sett í sorppoka. Bannað er að setja eldfima vökva t. d. benzín eða olíu í sorpilát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

#### 11. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok fyrir sorpgrindinni. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

## 12. gr.

Bannað er að urða oliuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

## 13. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

## 14. gr.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiriháttar úrgangs frá matsölustöðum, sláturhúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

## 15. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

## 16. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til bæjarstjórnar.

## 17. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

## 18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggja við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

## 19. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingumálaráðuneytið, 31. júlí 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUR

fyrir samstarfsnefnd um skipulagsmál Akureyrar og nágrennis.

## 1. gr.

Samstarfsnefnd um skipulagsmál Akureyrar og nágrennis, hér eftir kölluð samstarfsnefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti samtals 11 menn. Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga, tveim frá hverju og jafn-